



# Orðaleikur

HANDBÓK UM ORÐANÁM



MIÐSTÖÐ  
SKÓLAFRÓUNAR


# Handbók um orðanám

fyrir leikskóla



Rannveig Oddsdóttir  
Íris Hrönn Kristinsdóttir

Teikningar:  
Inga María Brynjarsdóttir



Akureyri 2018

Námsefnið má nota í skólastarfi samkvæmt skilmálum Creative Commons CC BY-NC-SA 4.0.

Leyfið gerir notendum kleift að nýta efnið á fjölbreyttan hátt í skólastarfi til að styðja við orðanám barna. Leyfilegt er að búa til verkefni, spil og leiki byggða á námsefninu, prenta út og nýta myndirnar á fjölbreyttan hátt svo lengi sem vísað er til höfunda námsefnisins, afleidd verk eru ekki notuð í ágóðaskyni og þau gefin út samkvæmt sömu skilmálum.

# Inngangur

Orðaleikur er námsefni fyrir leikskóla. Efnið samanstendur af handbók, myndasafni, kennsluleiðbeiningum og verkefnasafni. Efnið er notendum að kostnaðarlausu, það er aðgengilegt á vef og geta notendur prentað það út eða notað rafrænt.

Námsefnið er unnið með þarfir leikskólabarna sem læra íslensku sem annað mál í huga en getur einnig gagnast öðrum hópum, svo sem eldri börnum sem eru nýflutt til landsins og eintyngdum íslenskum börnum sem þurfa stuðning við orðanám. Námsefnið miðar að því að kenna grunnorðaforða íslenskunnar á fjölbreyttan hátt og mynda þannig krækjur til að kenna flóknari orð.

Handbókin og námsefnið sem henni fylgir er gefið út af Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Námsefnið var styrkt af Þróunarsjóði námsgagna, Sprotasjóði, Samfélagssjóði KEA og Norðurorku og unnið í samstarfi við leikskólann Iðavöll á Akureyri.

## Handbók

Í handbókinni er að finna fróðleik og hugmyndir varðandi orðanám barna af erlendum uppruna.

## Myndasafn

Í myndasafninu má finna orðaþemu sem tengjast leikskólanum. Lögð er áhersla á orð sem leikskólabörn þurfa að kunna til að geta átt samskipti við aðra og gert sig skiljanleg.

## Kennsluleiðbeiningar

Kennsluleiðbeiningar fylgja efninu þar sem settar eru fram hugmyndir um það hvernig má vinna með efnið í leikskólastarfi.

## Verkefnasafn

Námsefninu fylgir líka verkefnasafn sem kennarar og foreldrar geta notað í vinnu með börnum.



# Orðaleikur

## Hvað er orðaforði?

Orðaforði er safn þeirra orða sem við höfum á valdi okkar. Hann samanstendur af þeim orðum sem við skiljum og getum notað til að tjá okkur bæði munnlega og skriflega.

Oft er talað um tvenns konar orðaforða:

Viðtökuorðaforði  
(receptive vocabulary)

Virkan orðaforða  
(productive vocabulary)

**Viðtökuorðaforði** er stundum kallaður óvirkur orðaforði. Í viðtökuorðaforðanum eru orð sem einstaklingur skilur þegar hann heyrir þau eða les en notar ekki öll í daglegu tali.

**Virkur orðaforði** á við um orð sem við skiljum og notum til að tjá okkur í ræðu og riti.

Viðtökuorðaforðinn er á öllum aldurskeiðum stærri en virki orðaforðinn sem þýðir að við skiljum fleiri orð en við notum.

*Stráknum  
er kalt*

*Það er kalt úti*



*Unga manningum  
var hrollkalt*

*Veðrið var slæmt,  
snjónum kyngdi  
niður*

# Orðaleikur

## Af hverju er orðaforði mikilvægur?

Orð eru grunneiningar málsins og bera merkingu þess. Orðaforði er lykill að málskilningi og málnotkun enda liggur í augum uppi að án skilnings á orðum er útilokað að skilja og nota tungumál.

Þróun orðaforða er einnig nátengd öðrum málþroskaþáttum, svo sem málfræði og setningafræði. Orðaforði er talinn vera sá þáttur sem knýr áfram þróun í beygingum og setningafræði. Sést það til að mynda á því að þegar orðaforði barna nær um 50–100 orðum byrja þau að beygja orð og tengja þau saman í setningar. Rannsóknir hafa jafnframt sýnt að sterk fylgni er á milli orðaforða og annarra mælinga á málþroska barna, svo sem málfræði og hlustunarskilnings hjá yngri börnum (Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015) og við lesskilning hjá eldri börnum (Wagner, Muse og Tannenbaum, 2007).

Orðaforði barna er samtvinnaður þekkingu þeirra á umheiminum. Til að geta tileinknað sér orð og merkingu þeirra er nauðsynlegt að geta tengt orðin við það sem þau standa fyrir, svo sem að þekkja hluti (borð, bangsi, skór) og athafnir (hoppa, hlaupa, tala) eða skilja hughrifin sem þau lýsa (gleði, sorg, reiði). Orðaforði einstaklings er því tengdur umhverfi hans og þeirri lífsreynslu sem hann býr yfir.

Þegar einstaklingur lærir eitthvað nýtt fylgir því óhjákvæmilega nýr orðaforði. Þannig kemur til dæmis inn nýr orðaforði með nýjum leikjum, áhugamálum og námsgreinum í skóla.

Orð eru okkur nauðsynleg til að læra nýja hluti. Það er t.d. erfitt að læra leikreglur í nýjum leik ef viðkomandi býr ekki yfir nægilega góðum orðaforða til að skilja þær útskýringar og leiðbeiningar sem gefnar eru.

*Ríkulegur orðaforði er ein af meginundirstöðum lesskilnings og þar með lykill að góðum námsárangri*

*Orðaforði knýr áfram þróun í öðrum þáttum málþroska svo sem beygingum og setningafræði*

*Nýr orðaforði lærist af nýjum viðfangsefnum, upplifunum og reynslu*

*Orðaforði er nauðsynlegur til að geta lært nýja hluti*

# Orðaleikur

## Orðaforði tal- og ritmáls

### Grunnorðaforði:

Algeng einföld orð sem eru mikið notuð í daglegu lífi og flestir læra án sérstakrar kennslu. Orð eins og: hús, bíll, strákur, stelpa, borða, sofa, gulur, stór...

### Millilag orðaforða

Algeng orð en sérhæfðari og flóknari en orðin í grunnorðaforðanum, orð sem við þurfum að heyra nokkrum sinnum í mismunandi samhengi til að geta áttað okkur á merkingu þeirra. Orð eins og: sorgmæddur, rökstyðja, aflögufær, lýðræði...

### Efsta lag orðaforða

Sérhæfð sjaldgæf orð sem við höfum mismikil not fyrir, s.s. eftir áhugamálum og sérhæfingu. Orð eins og: aðhvarfsgreining, aflandskrónur, gammablossar...

Börn þurfa að kynnast og tileinka sér grunnorðaforða fyrir almenn dagleg samskipti en einnig sérhæfðari og flóknari orðaforða sem gefur möguleika á fjölbreyttari tjáningu og skilningi.

Börn læra orð út frá samhengi og vegna þess að þau hafa þörf fyrir orð. Misjafnt er eftir aðstæðum hvers konar orðaforði er notaður og því er mikilvægt að málnotkun í umhverfi barna sé fjölbreytt.

Í venjulegum samtölum í dagsins önn er notaður fremur takmarkaður orðaforði. Þar er ekki viðeigandi að nota bókmál eða mjög sjaldgæf orð. Þessi samtöl nægja því til að kenna grunnorðaforða málsins en ekki mikið meira en það.

Stærri og blæbrigðaríkari orðaforði er notaður þegar farið er út fyrir það sem er að gerast hér og nú, til dæmis í þykjustuleikjum, við matarborðið, þegar sagðar eru sögur eða sagt frá atburðum dagsins.

Margfalt stærri orðaforði er að jafnaði notaður í ritmáli en talmáli, því er mikilvægt að lesa fyrir börn og vekja áhuga þeirra á bókum.

Eftir því sem börnin eldast og reynsluheimur þeirra stækkar hafa þau þörf fyrir ríkari orðaforða.

# Orðaleikur

## Einstaklingsmunur í orðaforða

Í rannsókn Hart og Risley (1995) á orðaforða þriggja ára barna reyndust þau börn sem best stóðu þekktu þrefalt fleiri orð en þau börn sem slakast stóðu.

Rannsókn Anglin (1993) á orðaforða barna í 1. bekk sýndi svipaðar niðurstöður, þau börn sem höfðu góðan orðaforða þekktu tvisvar sinnum fleiri orð en þau börn sem minnstan orðaforða höfðu.

Rannsókn Hrafnhildar Ragnarsdóttur (2015) á orðaforða íslenskra barna á leikskólaaldri sýnir að þau börn sem slakast standa við sex ára aldur eru með svipaðan orðaforða og meðalbörn hafa náð ári fyrir og sterkustu börnin hafa náð við 4 ára aldur.

*Fjöldi barnabóka á heimili, hve oft er lesið fyrir börn og hve ríkuleg tækifæri þeim gefast til að eiga samskipti við aðra hefur áhrif á orðaforða þeirra.*

*Munur á orðaforða barna hefur fyrst og fremst verið rakinn til misörvandi málumhverfis*

*Mikill einstaklingsmunur er á orðaforða jafnaldra barna*

*Orðaforðinn þróast hratt á leikskólaárunum, bilið á milli þeirra sem best standa við upphaf grunnskóla og þeirra sem verst standa getur verið stórt.*

Rannsóknir hafa tengt missterkan orðaforða barna við menntun og efnahag foreldra (Hart og Risley, 1995; Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2015).

Þann mun má að stórum hluta skýra með mismunandi menningu á heimilum. Rannsóknir hafa sýnt að foreldrar úr efri stéttum tala meira og öðruvísi við börn sín en foreldrar úr lægri stéttum (Hart og Risley, 1995; Hoff og Tian, 2005). Þeir beita einnig lýðræðislegri aðferðum í uppeldinu sem felast meðal annars í því að þeir hlusta eftir hugmyndum barnanna og skoðunum og gefa þeim kost á að taka þátt í því að taka ákvarðanir (Çalik Var, Kiliç og Kumandas, 2015), sem er talið efla færni barnanna í að beita málinu.

Hér er því um menningarmun að ræða sem hægt er að hafa áhrif á. Foreldrar úr öllum stéttum geta tileinkað sér samskiptamáta og uppeldisaðferðir sem eru vænlegar til að efla orðaforða, málskilning og málnotkun barna. Gott leikskólustarf er jafnframt þýðingarmikið í þessu sambandi.



# Orðaleikur

## Orðaforði tvítyngdra barna

Orðaforði tvítyngdra barna dreifist á tvö tungumál. Orðaforði þeirra á hvoru tungumáli fyrir sig er fyrir vikið að öllu jöfnu minni en orðaforði eintyngdra barna á sama aldri. En þegar orðaforði þeirra á báðum tungumálunum er lagður saman er hann í flestum tilvikum stærri en orðaforði eintyngdra barna (Białystok, Luk, Peets og Yang, 2010).

Niðurstöður íslenskra rannsókna eru í samræmi við þetta. Rannsóknir á íslenskum orðaforða tvítyngdra barna sem hafa alist upp á Íslandi frá fæðingu eða frumbersku sýna að íslenskur orðaforði þeirra er mun minni en orðaforði eintyngdra íslenskra barna (Hulda Patricia Haraldsdóttir, 2013; Sigríður Ólafsdóttir, 2015). Í nýlegri íslenskri rannsókn (Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir, Samuel Lefever og Hrafnhildur Ragnarsdóttir, 2017) kom hins vegar í ljós að pólskur orðaforði 4–6 ára barna sem eiga báða foreldra pólska en hafa alist upp á Íslandi var svipaður og orðaforði eintyngdra pólskra barna. Íslenskur orðaforði þeirra var hins vegar mun minni en hjá eintyngdum íslenskum börnum.

Sterk staða barnanna í pólsku en slök í íslensku er ekki óeðlileg í ljósi þess að þar til leikskólaganga þeirra hófst höfðu þau fyrst og fremst verið í pólsku málumhverfi. Ef vel er staðið að íslenskukennslu þeirra hafa þau alla burði til að ná með tímanum góðum tókum á íslensku. Þar gegnir leikskólinn og síðar grunnskólinn lykilhlutverki.

*Góður orðaforði á því tungumáli sem talað er í samfélaginu sem við búum í er mikilvægur til að hafa fullan aðgang að tækifærum til náms og samskipta.*

Í niðurstöðum fyrrgreindra rannsókna má sjá vísbendingar um að betur þurfi að standa að íslenskukennslu þessara barna því framfarir þeirra í íslensku virðast vera fremur hægar og heldur draga í sundur með þeim og íslensku börnunum eftir því sem ofar dregur (Aneta Figlarska o.fl., 2017; Sigríður Ólafsdóttir, 2015). Annað sem rennir stoðum undir það er að börn af erlendum uppruna virðast eiga erfitt uppdráttar í íslensku skólakerfi og sækja sér síður menntun en íslensk börn (Rúnar Helgi Haraldsson, 2016; Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hreinsson, 2011).

Þar til fyrir fáeinum árum var fjöldi innflytjenda lítill á Íslandi. Kennarar eru því enn að fóta sig í nýjum veruleika og leita leiða til að mæta þessum nemendahópi. Rannsóknir hafa sýnt að kennarar eru allir af vilja gerðir til að sinna kennslu þessara barna sem best en skortir þekkingu og stuðning til að geta veitt þeim þá kennslu sem þau þurfa á að halda (Hermína Gunnþórsdóttir, Stéphanie Barillé og Markus Meckl, 2017).

# Orðaleikur

## Mikilvægi móðurmálsins

*Móðurmálið veitir aðgang að greiðum samskiptum innan stórfjölskyldunnar og er mikilvægt til að geta kynnst menningu lands og þjóðar.*

Góð tök á móðurmáli auðvelda börnum að læra annað mál (Hoff, Core, Place og Rumiche, 2012). Samhliða kennslu í íslensku er því mikilvægt að börn sem eru að læra íslensku sem annað mál fái málörvun í sínu móðurmáli.

Það hefur gefið góða raun að styðja við móðurmál barnanna í leikskólaskólastarfinu og veita þeim málörvun í sínu tungumáli samhliða kennslu í seinna málinu (Bruchinal, Field, López, Howes og Pianta, 2012; Durán, Roseth og Hoffman, 2010). Það er hins vegar ekki alltaf mögulegt að koma slíkri kennslu við því leikskólarnir hafa ekki alltaf aðgang að fólki sem talar móðurmál barnanna.



Foreldrar bera meginábyrgð á því að rækta móðurmál sitt með börnunum. Leikskólinn getur stutt þá í því hlutverki með því að veita þeim leiðsögn um aðferðir og leiðir sem nota má til málörvunar. Hvetja þarf foreldra til að tala sitt móðurmál við börnin, lesa fyrir þau og skapa þeim tækifæri til að nota móðurmálið í samskiptum við aðra. Móðurmálið veitir ekki aðeins aðgang að greiðum samskiptum innan stórfjölskyldunnar heldur er það líka mikilvægt til að geta kynnst menningu lands og þjóðar.



Í leikskólanum er mikilvægt að börnin finni að móðurmál þeirra séu viðurkennd. Aldrei ætti að banna barni að tala móðurmálið og starfsfólk þarf að sýna ólíkum tungumálum barnanna áhuga. Það má t.d. gera með því að fá upplýsingar um það hvernig ákveðin orð eru á móðurmálum barnanna, kynna orðin fyrir öðrum börnum í leikskólanum og/eða gera þau sýnileg á prenti.

# Orðaleikur

## Orðanáám

Börn þurfa að læra ákveðinn grunnorðaforða til að geta haft samskipti við aðra, tjáð sig og tekið þátt í leik og starfi.

Flest börn læra grunnorðaforðann svo að segja af sjálfu sér í gegnum dagleg samskipti. Þau átta sig á hvað orðin merkja út frá samhengi og spreyta sig á að nota þau sjálf til að tjá sig.

Grunnorðaforðinn er alltaf undirstaða þess orðaforða sem á eftir kemur. Ef börn ná grunnorðaforðanum eru þau komin með tæki til að veiða í ný orð.

*Tvítyngd börn læra orðaforða á sama hátt og eintyngd börn en geta þurft aðstoð við að ná grunnorðaforða þess tungumáls sem er þeirra annað mál*

*Orðaforði barna getur verið ólíkur á móðurmáli þeirra og því máli sem þau eru að læra.*

*Sum orð koma oftast fyrir heima og önnur í skólanum.*

*Börn þurfa að heyra orð oft til að læra þau. Í hvert skipti sem þau heyra ákveðið orð aukast líkurnar á að þau festi það í minni.*

*Orðaforði verður því ekki eingöngu kenndur í gegnum sérkennslu, heldur er mikilvægt er að búa til tækifæri í dagsins önn fyrir orðanáám.*

## Tvítyngd börn

Tvítyngd börn læra orðaforða á sama hátt og eintyngd börn með því að heyra málið talað og taka þátt í samskiptum.

Sérstaða þeirra felst í því að þau skipta tíma sínum á milli tveggja mála. Sum orð heyra þau aðeins á öðru tungumálinu og þarf þá að tryggja þeim tækifæri til að læra þau líka á hinu málinu.

Þannig vantar börn sem læra íslensku sem annað mál oft íslensk hugtök yfir hluti og athafnir á heimilinu því þau orð heyra þau og læra á sínu móðurmáli.

Á sama hátt læra þau orð sem notuð eru í leikskólastarfinu fyrst á íslensku en seinna á sínu móðurmáli.

# Orðaleikur

Hvernig læra börn ný orð?

Börn læra mál í gegnum samskipti. Þau hlusta eftir því sem aðrir segja og prófa sig áfram með að segja orð og setningar. Þau átta sig á því hvernig mál er notað og hvernig umhverfið kallar á samskipti.

Ríkulegt málumhverfi hefur áhrif á hversu fljótt og vel börn ná tökum á málinu.

Það skiptir máli að börn heyri sem flest orð og að þau fái næg tækifæri til að upplifa nýja hluti og eiga samskipti við aðra

Skilningur á orðum kemur í prepum:

## Prep 1

Þekkjum ekki orðið.

## Prep 2

Könnumst við orðið og höfum óljósa hugmynd um merkingu þess.

## Prep 3

Skiljum orðið þegar við heyrum það í samhengi, en notkum það ekki sjálf.

## Prep 4

Skiljum orðið og notum það.

Beck,  
McKeown  
og Kucan,  
2013

# Orðaleikur

## Orðanám í leikskóla

Setjum orð á hluti og athafnir

Notum myndrænan stuðning til að kenna orð og styðja við setningamyndun

Spjöllum um heima og geima

Gefum góðan tíma fyrir leik og samskipti

Hvetjum börnin til að tjá sig, búa til sögur, leika sér með orð, læra lög og ljóð

Gefum börnunum næg tækifæri til að upplifa nýja hluti með nýjum upplifunum bættast við ný orð

Tengjum ný orð við bakgrunnspekkingu barnanna

Látum orðin sem við erum að kenna koma oft við sögu á hverjum degi

Fylgjumst vel með! Endurtökum, umorðum og útskýrum ef skilningi er ekki náð

Verum dugleg að lesa fjölbreytt efni á hverjum degi

# Orðaleikur

## Kennsluáætlun - einstaklingsnámskrá

Einstaklingsnámskrár henta vel til að skipuleggja nám og kennslu. Góð námskrá tryggir að allir séu að vinna að sömu markmiðum bæði kennarar og foreldrar. Þar sem fjölbreytileikinn er mikill gera einstaklingsnámskrár kennurum kleift að halda utan um málefni ólíkra einstaklinga og tryggja að hvert og eitt barn fái nám við hæfi. Vönduð einstaklingsnámskrá byggir á þekkingu kennarans á barninu, getu þess, áhugamálum og aðstæðum heima fyrir. Best er ef kennarinn getur fengið foreldra í lið með sér við námskrárgerðina. Foreldrar geta gefið mikilvæga innsýn í orðaforða barnsins á móðurmálinu og hvaða orð það vantar á íslensku. Það eru einnig meiri líkur á að foreldrar taki þátt í orðanáminu ef þeir eiga hlutdeild í námskránni og fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum.

Einstaklingsnámskrár þurfa ekki að vera flóknar og ná yfir öll þau orð sem barnið á eftir að læra heldur ætti fókusinn að vera á þá hluti sem mikilvægast er að barnið læri hverju sinni, námskrána má svo uppfæra reglulega og bæta inn nýjum markmiðum. Stundum er nóg að gera eina námskrá fyrir hópinn, til dæmis ef nokkur börn eru saman í málörvunarhóp.

Í kennsluáætlun þarf að koma fram hvaða orð eða orðaþemu á að kenna. Þarfirnar geta verið ólíkar en gott er að hafa í huga að börn af erlendum uppruna þurfa oft að læra orðaforða sem tengist lífi þeirra utan leikskólans sérstaklega ef móðurmál þeirra er talað heima.



# Orðaleikur

## Markviss vinna með orðaforða

1

Kennum lykilorð t.d. úr bókum eða daglega lífinu

2

Kennum saman orð sem tengjast, orðapemu

3

Leikum okkur með orðin

4

Notum orðin í setningum eins oft og við getum í leik og daglegu starfi

5

Tengjum orðin við bakgrunnsþekkingu barnanna og þeirra eigið líf

6

Rifjum upp reglulega

1

Þegar ný orð eru kynnt þarf að útskýra merkingu þeirra. Meiri líkur eru á að börn muni orð sem hafa verið útskýrð fyrir þeim. Hvernig orðin eru útskýrð veltur á merkingu þeirra og hvar börnin eru stödd í málþroska. Sum orð er auðvelt að útskýra með því að sýna hluti eða myndir af því sem orðið táknar. Önnur orð hafa flóknari merkingu og þarfnast útskýringa í orðum eða með leikrænni tjáningu, það á til dæmis við um tilfinningaorð. Þegar orð eru útskýrð fyrir börnum þarf að gera það með orðum sem börnin skilja. Skilningur á merkingu orða eykst eftir því sem við heyrum þau oftari í mismunandi samhengi.

2

Það er árangursríkt að kenna saman orð sem tengjast eða ákveðin orðapemu. Þegar barn er farið að skilja grunnorðaforðann sem þarf til dæmis í fataherbergi á það auðveldara með að taka þátt í samræðum, fara eftir fyrirmælum og gera sig skiljanlegt. Þegar grunnfærni er náð opnast einnig möguleikar á að tengja fleiri orð og hugtök við þau sem búið er að læra, til dæmis litaheiti, mynstur, staðsetningarhugtök og sagnir. Í fataherberginu væri því hægt að tala um liti á fötunum og hvar fötin eru staðsett (*gula húfan er efst í hólfinu*) og bæta svo sagnorðum við (*klæddu þig í gulu húfunu*). Gott er að nota sýnikennslu, leggja áherslu á orðin sem barnið kann og nota myndir til stuðnings.

# Orðaleikur

## Hvernig kennum við orðaforða?

3

Leikur, umræður og samskipti eru kjörin leið til að kenna orð. Leikum okkur með orðin á eins fjölbreyttan hátt og hægt er. Ef við erum að læra um fötin, búum þá til aðstæður til að leika með föt til dæmis með því að bjóða upp á föt í hlutverka- og dúkkuleikjum, teiknum föt, lesum sögur þar sem föt koma við sögu, syngjum um föt og tengum umræðu um föt við veðrið og útiveruna. Veðurfræðingur dagsins eða vikunnar er til dæmis sniðugt verkefni þar sem börnin fylgjast með veðri og vindum og spá í fatnað.

4

Notum orðin sem við erum að kenna í setningum eins oft og við getum í daglega lífinu. Því oftar sem barn heyrir orð því líklegra er að það læri merkingu þess og nýti það í eigin máli. Einnig þarf að huga að yfirfærslu, til dæmis ef unnið er með orðaforða tengdan líkamanum þá þarf barnið bæði að geta þekkt heiti líkamshlutanna á mynd en einnig að geta bent á viðeigandi líkamshluta á eigin líkama og annara.

5

Það er auðveldara að læra orð yfir hluti, athafnir og tilfinningar sem við þekkjum af eigin raun. Nýta má bakgrunnsþekkingu barnanna til að kenna fjölbreyttari orðaforða í viðfangsefnum sem þau hafa áhuga á. Þannig má kenna barni sem hefur áhuga á bílum hugtök eins og farartæki, jeppi, sportbíll, trukkur, keyra, aka, hratt, hægt. Stundum er nauðsynlegt að víkka út reynsluheim barnanna þegar leggja á inn ný orð eða orðflokka. Getur það til dæmis átt við um orð tengd dýrum og búskap, barn sem aldrei hefur komið í sveit getur átt erfitt með að tileinka sér þau orð án þess að fá einhver kynni af sveitalífinu.

6

Til að halda orðunum inni í orðaforðanum er nauðsynlegt að rifja upp reglulega þau orð sem hafa verið lögð inn. Það má til dæmis gera með því að lesa bækur sem tengjast þeim orðapemum sem unnið hefur verið með. Skoða og ræða um ljósmyndir, teikningar, myndbönd og annað efni sem börnin hafa unnið í kringum orðapemun.



# Orðaleikur

## Orðaforði í dagsins önn

### Samvera

- Syngjum lög og lærum vísur og þulur og ljóð, spáum í merkingu textanna og skoðum einstök orð.
- Lesum, útskýrum og leikum með orð úr sögum.
- Leikum okkur! Hreyfi-, orða-, og hópleikir eru frábærir til að auka orðaforðann.
- Spjöllum um daginn og veginn.

### Hópastarf

- Lesum bækur, bjóðum upp á umræður og vinnum verkefni út frá þeim.
- Búum til sögur og nýtum okkur myndir til að ýta undir skilning.
- Spilum spil sem efla málproska.
- Kennum hópleiki.
- Förum í orðaleiki.
- Spjöllum saman.
- Vinnum með orðaforða í gegnum myndlist, tónlist og leiklist.

### Leikur

- Kennum orð sem nýtast í vinsælustu leikjunum.
- Kennum setningar sem nýtast í leik.
- Kennum setningar sem hægt er að nota til að komast inn í leik.
- Hvetjum til hlutverka- og samskiptaleikja.
- Búum til leiktækifæri í kringum þann orðaforða sem við erum að kenna, til dæmis með því að hafa búningakassa í boði þegar börnin eru að læra um föt, alvöru eldhúsáhöld þegar þau eru að læra orðaforða heimilisins o.s.frv.

# Orðaleikur

## Orðaforði í dagsins önn

### Matartími

- Kennum þau orð sem nauðsynlegt er að kunna við matarborðið.
- Kennum heiti á matvörum, réttum og áhöldum.
- Spjöllum saman og kennum kurteisis- og samskiptareglur.
- Matarborðið er góður staður til að kenna eiginleika- og staðsetningarhugtök, svo sem: ofan á, við hliðina á, þykkt, þunnt o.s.frv.

### Fataherbergi

- Kennum orð sem tengjast fötum og veðri.
- Kennum eiginleika- og staðsetningarhugtök.
- Lengjum setningar til dæmis með því að tala um *hlýju gulu húfununa* í stað þess að tala bara um *húfuna*.

### Útivera

- Setjum orð á það sem við sjáum úti, tölum um umhverfið, leiktækin, leikföngin fötin og veðrið.
- Kennum staðsetningar- og eiginleikahugtök.
- Í vettvangsferðum er hægt að kenna nöfnin á helstu kennileitum í umhverfinu.
- Gott er að taka myndir og nota þær til að rifja upp orðaforða úr ferðinni.
- Þessum myndum er gott að deila með foreldrum því þá geta þeir rætt um upplifun barnsins á móðurmálinu.

# Orðaleikur

## Samskipti

Börn læra tungumál í gegnum samskipti. Mikilvægt er að kennarar séu vakandi fyrir hvernig börnum af erlendum uppruna gengur að eignast vini, hvort þau taka frumkvæði og hvernig samskipti þeirra við hin börnin ganga fyrir sig.

Samskipti eru lykilatriði þegar kemur að því að falla í hópinn. Það getur verið snúið að eiga í samskiptum þegar orðaforðinn er fábrotinn þó svo að börn séu lunkin við að nýta óyrtað leiðir til að tjá sig.

Ein leið til að hjálpa tvítyngdum börnum til að ná betri tengslum er að kenna þeim orð og setningar sem þau geta nýtt í leik, til dæmis að spyrja hvort þau megi vera með, nöfn á helstu leikföngum og setningar sem nýtast í samskiptum, svo sem að segja hvað þau vilja eða vilja ekki.

Verum vakandi fyrir hvaða orð og orðatiltæki eru vinsæl í barnahópnum hverju sinni og fylgjumst með barnamenningunni, það er hvaða tónlist, bækur, sjónvarpsefni og leikir eru vinsæl. Kennum börnunum það sem þau þurfa að kunna til að falla inn í hópinn og geta tekið þátt í umræðum.

Ef tækifæri er til að veita tvítyngdu börnunum aukatíma í málörvun er sniðugt að horfa til barnamenningarinnar og vinna með málið út frá henni.

*Hjálpum börnum sem eru að læra íslensku að eiga í samskiptum við önnur börn. Til dæmis með því að kenna þeim orð og setningar sem nýtast í leik, svo sem: Má ég vera með?, Viltu leika? Má ég prófa?*

*Höfum vakandi auga með því sem er vinsælt hverju sinni og kennum orðaforða tengdan barnamenningu, til dæmis teiknimyndum, bókum, leikföngum og tyllidögum.*

Litlir hópar henta vel til að mynda tengsl og ef unnið er maður á mann getur verið bæði gagnlegt og skemmtilegt að bjóða öðru barni með.

Um leið og börnum af erlendum uppruna eru kenndar lykilsetningar í íslensku er tilvalið að nýta tæknina og læra sömu setningar á þeirra móðurmáli og kenna jafnvel hinum börnunum á deildinni nokkur orð og setningar. Með því er máli tvítynda barnsins sýnd virðing og opnað á að það sé í lagi að nota það með íslenskunni í leikskólanum.

# Orðaleikur

## Samstarf við foreldra

*Margir þættir stuðla að velgengni barna þegar kemur að því að læra nýtt tungumál, svo sem aðbúnaður og hvetjandi umhverfi heimafyrir, tækifæri til að upplifa og læra nýja hluti, vönduð málörvun í öllu starfi leikskólans, menning sem ýtir undir umræður og samskipti, gott aðgengi að bókum og ritmáli og síðast en ekki síst öflugt samstarf heimila og skóla.*

Síðustu áratugi hafa fræðimenn rannsakað áhrif samstarfs heimila og skóla á velgengni nemenda og komist að þeirri niðurstöðu að samstarf skóla og heimila skili árangri (Desforges og Abouchaar, 2003; Epstein, 2016; Jeynes, 2012; Nanna K. Christiansen, 2011). Þessi vitneskja hefur skilað sér inn í skólastefnu hér á Íslandi og birtist meðal annars í umfjöllun um samstarf heimila og skóla í aðalnámskrám leik- og grunnskóla þar sem lögð er áhersla á að kennarar og foreldrar komi saman að ákvörðunum er varða nám barna.

Samstarf heimila og skóla er mikilvægt. Þegar vel tekst til er það grundvöllur fyrir vellíðan barna og velgengni í námi. Samstarfið tengir fjölskyldur, skóla og samfélag með það að markmiði að veita börnum bestu mögulegu menntun og framtíð.

Í fjölmennningarlegum skólum geta ýmsar hindranir komið upp varðandi samstarf heimila og skóla en algengt er að menningarmunur og tungumálaörðugleikar séu nefndir sem hamlandi þættir.

Rannsóknir hafa sýnt að ýmislegt má gera til að minnka og jafnvel yfirstíga þessar hindranir svo sem skipuleggja vel og vanda til verka þegar tekið er á móti fjölskyldum af erlendum uppruna við upphaf skólaársins, leggja áherslu á gagnkvæm samskipti kennara og foreldra, ráða tvítyngt starfsfólk til starfa og þýða upplýsingar á móðurmál foreldra. Mikilvægt er að líta á tvítyngi og menningu fjölskyldunnar sem styrkleika, gera móðurmáli barnanna hátt undir höfði og efla foreldra í að vinna með málið heima fyrir á fjölbreyttan hátt í gegnum leiki og daglegar athafnir (Espinosa, 2014).

# Orðaleikur

## Tákn með tali

Tákn með tali (TMT) er tjáskiptaaðferð sem byggir á einföldum hreyfitáknum sem notuð eru til stuðnings töluðu máli. Um er að ræða tákn úr táknmáli heyrnarlausra að viðbættum náttúrulegum táknum svo sem bendingum, látbragði og svipbrigðum. Táknin eru oftast myndræn, lýsandi og auðskilin (Sigrún Grendal Magnúsdóttir, 2018).

TMT nýtist fólki á öllum aldri sem hefur tal- og málörðugleika en undanfarin ár hefur komið í ljós að aðferðin nýtist einnig vel í fjölmenningslegu umhverfi í leik- og grunnskólum (Sigrún Grendal Magnúsdóttir, 2018).

TMT er alltaf notað samhliða tali með það að markmiði að kenna viðkomandi að tjá sig og skilja íslenskt talmál. Táknin gera málið sýnilegt og styðja við töluðu orðin, þau hafa líka þann kost að vara lengur en orðin sem hverfa um leið og þau eru sögð (Sigrún Grendal Magnúsdóttir, 2018).

Til er töluvert af efni á íslensku um tákn með tali, góða samantekt eftir Sigrúnu Grendal Magnúsdóttur má finna á vef Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins á eftirfarandi vefslóð: <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/takn-med-tali>

Það er tilvalið að nýta TMT tákn til að efla skilning tvítyngdra barna. Þau koma að sérstaklega góðum notum fyrir yngstu börnin og þau sem eru lítið farin að tjá sig á íslensku.

Táknin má nota beint með myndunum sem fylgja Orðaleik, hægt er að flétta þau inn í sönglög og nota þau þegar lesið er fyrir börnin til að leggja áherslu á lykilorð í sögunum. Þau henta einnig vel til að leggja áherslu á lykilorð í fyrirmælum eins og til dæmis að *sitja* eða *stoppa* og til að börn geti tjáð ákveðnar grunnþarfir eins og að *fara á klósettið*, *borða* og *drekka*.


Þegar kennarar nota táknin leggja þeir aukna áherslu á orð sín og ná frekar athygli barnanna.



# Orðaleikur


## Mælum með!

Nánar má lesa um kennslufræðina sem Orðaleikur byggir á í eftirfarandi bókum sem höfundar mæla eindregið með að áhugasamir kennarar kynni sér betur.




### **Vocabulary Book, learning and instruction - Michael F. Graves**

*Vocabulary Book* fjallar um orðanám frá frumbersku til fullorðinsára. Aðferðin sem sagt er frá í bókinni hentar vel fyrir alla, bæði þá sem eru með slakan orðaforða, þá sem eru með góðan orðaforða og hina sem falla einhverstaðar á milli.




### **Developing Vocabulary and Oral Language in Young Children - Silverman, R. D. og Hartranft, A. M.**

Bókin fjallar um orðanám og tjáningu barna í leikskóla og hvernig hægt er að styðja sem best við þessa mikilvægu þætti í málþroskanum.



### **Bringing Words to Life, Roburst Vocabulary Instruction - Isabel L. Beck, Margaret G. McKeown og Linda Kucan.**

Ein af áhrifamestu bókum sem komið hefur út um orðaforðakennslu. Önnur útgáfa kom út árið 2013 og byggir bókin á nýjustu rannsóknum á þessu sviði. Í bókinni er bæði að finna fræðilegt efni sem og hagnýt ráð og leiðir til að efla orðaforða barna.




### **Orðaspjall - Árdís Hrönn Jónsdóttir og leikskólinn Tjarnarsel**

*Orðaspjall* er leið til að efla orðaforða og hlustunarskilning barna með bóklestri. Aðferðin var þróuð í leikskólanum Tjarnarseli í Reykjanesbæ. Stuðst var við orðakennsluaðferðina *Text talk* sem höfundar bókarinnar *Bringing Words to Life* þróuðu.

# Orðaleikur


## Mælum með!

Nánar má lesa um kennslufræðina sem Orðaleikur byggir á í eftirfarandi bókum sem höfundar mæla eindregið með að áhugasamir kennarar kynni sér betur.



### **Getting it Right for Young Children from Diverse Backgrounds - Linda M. Espinosa**

Bókin byggir á 30 ára reynslu og rannsóknum höfundar af störfum með tvítyngdum fjölskyldum. Í bókinni er sagt frá því hvernig hægt er að nota niðurstöður nýjustu rannsókna til að bæta nám tvítyngdra barna.



### **45 Strategies that Support Young Dual Language Learners - Shauna L. Tominey og Elisabeth C. O'Bryon**

Góð hagnýt bók fyrir alla fjölmenningslega leikskóla. Verkfærakassi með 45 leiðum sem styðja kennara við að mæta þörfum barna og fjölskyldna af erlendum uppruna.



# Heimildir

Anglin, J. M. (1993). Vocabulary development: A morphological analysis. *Monographs of the Society for Research in Child Development*, 58(19), 1–166.

Aneta Figlarska, Rannveig Oddsdóttir og Samúel Lefever. (2017). Pólskur og íslenskur orðaforði tvítyngdra leikskólabarna: Málumhverfi heima og í leikskóla. *Netla - Vef tímarit um uppeldi og menntun - Sér rit Menntakviku 2017*.

[http://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika\\_2017/007.pdf](http://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/007.pdf)

Beck, I. L., McKeown, M. G. og Kucan, L. (2013). *Bringing words to life: Robust vocabulary instruction*. New York: The Guilford Press.

Bialystok, E., Luk, G., Peets, K. F. og Yang, S. (2010). Receptive vocabulary differences in monolingual and bilingual children. *Bilingualism: Language and Cognition*, 13(4), 525-531. doi:10.1017/S1366728909990423

Bruchinal, M., Field, S., López, M. L., Howes, C. og Pianta, R. (2012). Instruction in Spanish in pre-kindergarten classrooms and child outcomes for English language learners. *Early Childhood Research Quarterly*, 27(2), 188–197.

Çalik Var, E., Kiliç, S. og Kumandas, H. (2015). Investigating opinions of mothers on different socioeconomic status in terms of perceived maternal styles. *Eurasian Journal of Educational Research* 61, 81–98. doi:10.14689/ejer.2015.61.5

Desforges, C. og Abouchaar, A. (2003). *The impact of parental involvement, parental support and family education on pupil achievement and adjustment: A literature review*. Nottingham: DfES Publications.

Durán, L. K., Roseth, C. J. og Hoffman, P. (2010). An experimental study comparing English-only and transitional bilingual education on Spanish-speaking preschoolers' early literacy development. *Early Childhood Research Quarterly*, 25(2), 207–217.

Epstein, J. L. (2016). School, family, and community partnership: *Preparing educators, and improving schools* (2. útgáfa). Boulder, CO: Westview Press.

Espinosa, L. M. (2015). *Getting it right for young children from diverse backgrounds: Applying research to improve practice with focus on dual language learners* (önnur útgáfa). Boston: Pearson.

Hart, B. og Risley, T. R. (1995). *Meaningful differences in the everyday experience of young American children*. Baltimore: Paul H. Brookes Publishing Co.

Hermína Gunnþórsdóttir, Stéphanie Barillé og Meckl Markus. (2017). Nemendur af erlendum uppruna: reynsla foreldra og kennara af námi og kennslu. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 26((1-2)), 21-41.



Hoff, E., Core, C., Place, S. og Rumiche, R. (2012). Dual language exposure and early bilingual development. *Journal of Child Language*, 39(1), 1–27

Hoff, E. og Tian, C. (2005). Socioeconomic status and cultural influences of language. *Journal of Communication Disorders*, 38, 271–278. doi:10.1016/j.jcomdis.2005.02.003

Hrafnhildur Ragnarsdóttir. (2015). Málproski leikskólabarna: Þróun orðaforða, málfræði og hlustunarskilnings milli fjöggra og fimm ára aldurs. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/007.pdf>

Hulda Patricia Haraldsdóttir. (2013). *Þátíðarmyndun og stærð íslensks orðaforða tvítyngdra leikskólabarna* (óútgefin M.Ed. ritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/16050>

Jeynes, W. (2012). A meta-analysis of the efficacy of different types of parental involvement programs for urban students. *Urban Education* 47(4), 706-742.

Nanna K. Christiansen. (2011). *Skóli og skólaforeldrar: Ný sýn á samstarfið um nemandann*. Reykjavík: Iðnú.

Ólöf Garðarsdóttir og Guðjón Hreinsson. (2011). Ungir innflytjendur og aðrir einstaklingar með erlendan bakgrunn í íslensku samfélagi og íslenskum skólum 1996–2011. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2011*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2011/020.pdf>

Rúnar Helgi Haraldsson. (2016). *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi*. Ísafjörður: Fjölmenningssetur. Sótt af <http://old.mcc.is/media/frettir/to%CC%88lfraedisky%CC%81rsla-2016-endanleg-2.pdf>

Sigríður Ólafsdóttir. (2015). *The development of vocabulary and reading comprehension among Icelandic second language learners* (óútgefin doktorsritgerð). Háskóli Íslands, Reykjavík. Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/23061>

Sigrún Grendal Magnúsdóttir. (2018). Tákn með tali. Sótt af: <https://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/thjalfunar-og-kennsluadferdir/takn-med-tali>

Wagner, R.K., Muse, A.E. og Tannenbaum, K.R. (2007) Promising avenues for better understanding implications of vocabulary development for reading comprehension. Í R. Wagner, A. Muse og K. Tannenbaum (ritstjórar). *Vocabulary acquisition: Implications for reading comprehension*, (bls. 276–291). New York: Guilford Press.